

12. JANÚAR 2003

Sameiginlegur fundur hjá SÍL og SÍSL

Haldinn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar kl. 10:00.

Frá SÍL eru mætt: Vilborg, Jón Ingvar, Atli, Ásdís og Unnur.
Frá SÍSL eru mættir: Birgir, Stefán Ómar og Össur.

STARFSEMI NOMU

Birgir fór á síðasta Nomu-fund, sem haldinn var í Færeyjum og sagði frá því helsta sem gerðist á honum. Hann kvað fundinn hafa verið mjög notalegan og afslappaðan. Mikið var rætt um námskeiðið og samnorrenu blásarasveitina. Það kom á óvart hversu margir þátttakendur voru frá Íslandi, miðað við hvað SÍL og SÍSL eru fámenn. Þegar námskeiðið var haldið á Íslandi var helmingur þátttakendanna Íslendingar. Einnig var rætt um hvort ekki þyrfti að vera meiri endurnýjun á námskeiðinu. Á hinum norðurlöndunum er litið á þátttökurétt á námskeiðinu sem n.k. viðurkenningu fyrir frammistöðu. Fjármál Nomu eru klár fyrir næsta og þarnæsta ár.

Í Færeyjum var einnig rætt um framkvæmdina á námskeiðunum. Könnun sem var gerð á meðal þátttakenda sýndi að þeir eru ánægðir með námskeiðið og hvernig skipulagið er á þeim. Birgir segir Íslendinga fá alveg jafn mikla athygli og aðra í þessu samstarfi þrátt fyrir smæð.

Stjórnandi blásarasveitarinnar á námskeiðum síðustu tveggja ára kemur til Íslands í vor, í tengslum við landsmót SÍSL. Það er ágætt að fá öðru hvoru mann erlendis frá til að vinna með lúðrasveitum á Íslandi, vegna þess hve íslensku samtökin eru fámenn og allir þekkja alla. Á fundinum kom fram að Íslendingar eiga rétt á þátttöku í öðrum námskeiðum á vegum Nomu.

Vilborg segir að það séu dálítill vandræði með að fá upplýsingar um námskeiðin með nógum fyrirvara.

Vilborg spyr einnig um hvernig starfsemin gangi í Færeyjum. Færeyska starfsemin líkist mjög þeirri íslensku og það er mikil uppsveifla þar. Færeyingar segjast ætla að taka meiri þátt í norrenu samstarfi heldur en áður. (Birgir fór á tónleika hjá færeyskri lúðrasveit, á þessum tónleikum kom einnig fram menntaskólakór frá Þórshöfn).

Vilborg lét ganga skýrslu yfir starfsemi Nomu. Einnig kom hún með umsóknareyðublöð og bæklinga um Nomu. Umsóknareyðublöðin eru aðeins ætluð þeim sem ætla að sækja um að komast á næsta námskeið. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar. Bæklingurinn er á öllum norðurlandamálunum. Í íslenska textanum eru nokkrar villur, sem eru vegna tölvuvandræða sem Vilborg lenti í þegar hún var beðin um að þýða textann á íslensku.

Nú þarf að ákveða hver inntökuskilyrði eiga að vera á Íslandi, t.d. hvort á að halda prufuspil. Það er ekki hægt að samræma inntökuskilyrði á milli landa. Það er tekið hart á aldurstakmörkum. Umsækjendur þurfa að vera á 18. ári eða eldri (til 25 ára).

Vilborg bað íslendingana á síðasta námskeiði að halda dagbók og taka myndir, til að skrifa blaðagrein. Einn skrifaði dagbók, sem lítið stóð í og ekki var hægt að nota myndirnar. Í hópi Íslendinganna þyrfti að vera a.m.k. einn sem er n.k. yfirmaður íslenska hópsins sem ber ábyrgð á hinum Íslendingunum.

Núna verður fyrrverandi þátttakendum ekki sent bréf frá nomu og boðin þátttaka aftur. Ef einhver sendir umsókn til nomu án vitundar SÍL og SÍSL verður umsóknin send til Íslands. Á Nomu fundum hefur verið rætt um að 30% þátttakenda á námskeiðum þyrftu að hafa verið áður á námskeiði. Einnig að það væri eðlilegt að fólk kæmi ekki oftar en þrisvar sinnum, með undantekningum ef að það vantar hljóðfæri. Svipað fyrirkomulag er í L.Æ.

Á umsóknum fyrir síðasta námskeið var eitt af skilyrðum að menn væru á 6. stigi eða ofar. Rætt var um hvort að betra væri að hafa profuspil. Það er gott, vegna þess að við vitum ekkert hvað umsækjendur geta. Einnig rætt hvort að betra væri að hafa miðstig sem kröfu og fá síðan umsækjendur í profuspil.

Spurning um að bjóða hæfileikaríkum félögum í L.Æ. að sækja um þáttöku.

Einnig var rætt um hvernig fyrirkomulagið yrði ef haldið yrði profuspil. Stjórnir SÍL og SÍSL þyrftu að dæma þá sem taka þátt í því.

Eitt af skilyrðunum fyrir íslenska umsækjendur er að þeir séu starfandi í lúðrasveitum SÍL og/eða SÍSL. Námskeiðið á að vera hvatning til þeirra sem eru í hljómsveitunum.

Ákveðið að Vilborg sendi út umsóknarblöð og kæmi í heimsókn til SÍL sveita (á höfuðborgarsvæðinu).

Örlítið var rætt um að koma á meira samstarfi á milli áhugamannafélaga í tónlist á Íslandi. Þannig væri hægt að mynda stóran þrýstihóp, m.a. til að sækja um aðstöðu í tónlistarhúsinu sem stendur til að byggja í Reykjavík.

9.-10. maí verður haldin ráðstefna í norræna húsinu í Reykjavík, sem er hluti af samnorrænni ráðstefnuröð um menningarmál. Á Íslandi verður fjallað um bókmenntir. Vilborg sendir þáttökutilkynningu fyrir sig til norræna hússins. Ekki er talið líklegt að það þurfi fleiri fulltrúa á ráðstefnuna, sennilega er nóg að hafa bara fleiri frá Íslandi sem áheyrnarfulltrúa. Þegar Vilborg hafði samband við norræna húsið til að spyrjast fyrir um þessa ráðstefnu var henni sagt að ekki væri byrjað að skipuleggja hana fyrir alvöru. Einnig komst hún að því að þar er til fullt af nótum, sem hafa safnast saman síðustu 30 árin. Þær eru lánaðar út – um að gera að nota þær.

DAGUR LÚÐRASVEITANNA

Ákveðið var að stefna að því að halda svoleiðis dag aftur 31. maí næstkomandi. Rætt um hvernig skipulagið á honum yrði. Spurnig hvað menn tækju þennan dag alvarlega. Rætt var um að það þyrfti endilega að gera eitthvað meira úr marseringunni. Spurning um hvort að það á að búa til meira “show” úr henni. Fá t.d. götuleikhús eða eitthvað til að taka þátt í henni með lúðrasveitunum. Rætt um að SÍL sveitir þurfi að taka þessa upptöku alvarlega og bera gönguna uppi. SÍSL kemur hins vegar með meirihlutann af þeim sem ganga í marseringunni. Einnig rætt um hvort að það þyrfti endilega að leggja mikið upp úr göngunni, hvort að það væri ekki nóg að hafa bara tónleika á Ingólfstorgi. Örlítið talað um hvort að e.t.v. ætti frekar að halda þennan dag á öðrum árstíma, t.d. í lok sumarsins. Báðum árstímum fylgja kostir og gallar sem voru ræddir. Einnig rætt um hvort að við ættum að fá fleiri áhugamannafélög til að taka þátt í þessum degi.

NÓTNAMÁL

Birgir minntist á að sumar lúðrasveitir spiluðu um áramót og þrettánda. Spurning um að gefa út nótur sem hæfa þessum dögum, en þær eru í Rauðu bókunum.

Ákveðið að stefna að því að endurútgefa Hvítu bækurnar og Jólábækurnar eftir Ellert óbreyttar og hluta af Rauðu bókunum – endurskoðaðan.

Einnig er stefnt að því að SÍL gefi út árstíðabundin lög, sem eru spiluð einu sinni á ári (1. maí, 17. júní, sumardaginn fyrsta, sjómannadaginn) í einni bók á 50 ára afmælisárinu 2004.

Einnig þarf að endurskoða útsetningarnar og raddskipanina í Rauðu bókunum.

Vilborg ræddi við Ellert fyrir nokkrum dögum. Það þarf að þrýsta á hann að koma Hvítu bókunum og Jólábókunum á tölvutækt form.

Þessi nótnaútgáfa veltur öll á því hvort að nýr menntamálaráðherra gefi okkur styrk.

Að þessum umræðum loknum var sameiginlegum fundi lokið. Ákveðið var að halda sameiginlegan fund í byrjun mars og ræða dag lúðrasveitanna nánar.

ATÆ,
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

fimmtudaginn 16. janúar 2003, kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Lúðrasveit Æskunnar.** Eitthvað hefur bæst við af umsóknum í LÆ. Þó ekkert komið enn frá Reykjavík. Hvað skal gera? Er jafnvel vitleysa að vera að eyða svona miklum tíma og peningum í LÆ ef áhugi er ekki meiri? Á ef til vill að fella LÆ niður? Skoðun stjórnar er einróma sú að það eigi alls ekki að hætta við. Frekar eigi að keyra námskeiðið af stað og reyna frekar að efla LÆ með því að koma sveitinni á fastari vinnugrundvöll, t.d. með því að hafa námskeið á hverju hausti, annað hvert ár með erlendum stjórnanda en hin árin með innlendum. Vilji er fyrir því að sá hópur sem nú myndast í LÆ, myndi grunn að þeirri sveit sem tæki til starfa næsta haust. Stefnt að því að endurnýjun milli ára yrði hófleg, þannig að á hverjum tíma séu ávallt reyndir liðsmenn

Ákveðið að fresta profuspilshelginni um eina viku. Ástæður þess eru hve seint umsóknir berast og að profuspilsnótur eru ekki komnar til allra umsækenda. Profuspil verður sunnudaginn 26. janúar í Hafnarfirði. Nánari profuspilstímar verða ákveðnir og auglýstir síðar, þegar allar umsóknir eru komnar í hús. Reiknað er með ca. 10 mínútum á hvern hljóðfæraleikara. Profuspilstímarnir verða sendir til umsækenda og einnig settir á heimasíðu SÍSL. Stjórnarmenn munu koma þessum upplýsingum áfram símleidis til viðkomandi hljómsveitarstjóra.

- 2. Landsmót.** Hringt var í mótshaldara á Akureyri til að fá á hreint með dagsetningu á landsmóti. Komið hefur í ljós að íþróttahúsið er ekki á lausu í haust og því staðfestist hér með að landsmótið verður á áður auglýstum tíma, **13. – 15. júní 2003.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Lágholti 1

miðvikudaginn 12. febrúar 2003, kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Atli Guðlaugsson.

- 1. Heimsóknir erlendra sveita.** Össur sagði frá heimsókn Sissel Larsen til Íslands í vikunni og hugmyndum hennar um kennslu og uppbyggingu skólahljómsveita. Hún verður hér á ferð í páskafríinu með úrvalssveit frá Oslóarsvæðinu, sambærilega við Lúðrasveit Æskunnar. Rætt um ferlið sem tengist beiðnum um heimsóknir og samskipti við erlendar sveitir. Okkur vantar eitthvað bakland með gistingu og þess háttar. Eftir hvaða leiðum berast svona fyrirspurnir, hvert fara þær og hvað verður um þær? Í því sambandi talað um beiðni frá franskri hljómsveit, sem hvergi virðist hafa komið fram og berst til SÍSL þegar of seint er að gera nokkuð í málinu. Enn og aftur bar á góma hugmyndin um regnhlífarsamtök íslenskra tónlistarhópa sem myndi geta sinnt svona erindum.
- 2. Skipulag lúðrasveita í Reykjavík.** Birgir segir leitt hve fáir komi frá Reykjavík í starf SÍSL, eins og til dæmis í LÆ. Rætt um fyrirkomulag sveitanna í Reykjavík og hugmyndir um tengsl þeirra við lúðrasveitir fullorðinna í höfuðborginni. Hver er framtíð skólalúðrasveitanna í Reykjavík? Atli sagði ýmislegt í bígerð varðandi sveitirnar og að m.a. hefði borgin lagt fram fjármagn til að þær gætu komið á landsmótið í júní.
- 3. Nýtt tónverk.** Jón Hlöðver Áskelsson er að semja nýtt tónverk fyrir SÍSL og landsmótið á Akureyri. Erindi frá honum um tónverkið var lagt fyrir stjórnina, ásamt samningsdröfum. Heildarkostnaður við verkið áætlaður 500.000 krónur, en þar af fjármagnar Jón Hlöðver sjálfur helminginn. Tillaga stjórnar er að 150.000 verði greidd af mótshöldurum og að SÍSL greiði 100.000. Hugmyndin er síðan að tónverkið verði sent íslenskum skólalúðrasveitum þeim að kostnaðarlausu. Rætt um hugmyndir að nafni fyrir tónverkið. Ymur og Seytla voru meðal hugmynda.
- 4. NoMU fundur.** Nokkrir punktar vegna ferðar Birgis á NoMU fund í Danmörku ræddir: LÆ og Kjell Seim, landsmótið og keppni, tónverk Jóns Hlöðvers, samstarfið við SÍL og NoMU, nótnautgáfan, dagur lúðrasveitanna og hugmyndir um regnhlífarsamtök á Íslandi.
- 5. LÆ.** Æfingahelgin í Hafnarfirði nálgast óðfluga. Seinni æfingahelgin verður í Mosfellsbæ. Rætt um framkvæmd og skipulag mótsins.

6. **Landsmót.** Farið er að liggja á að frekari upplýsingar berist frá mótshöldurum ásamt þátttökutilkynningum og kostnaðaráætlun.
7. **Farfuglaheimilið í Reykjavík.** Erindi barst frá Farfuglaheimilinu um kynningu á starfsemi þess. Boð um að koma og skoða aðstöðuna og sjá hvað þau hafa upp á að bjóða. Þau munu senda boð um að skoða heimilið á næstu dögum.
8. **Rekstrarstyrkur frá Menntamálaráðuneyti.** Össuri falið að ganga frá því að styrkur MMR upp á 400.000 krónur verði greiddur inn á reikning SÍSL

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Lágholti 1

miðvikudaginn 26. mars 2003, kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Æfingahelgi LÆ.** Rætt um æfingahelgina, framkvæmd hennar og framgang. Enn vantar óbó, fagott, saxófóna og básúnu. Þarf að athuga hjá sveitunum hvort ekki finnist hljóðfæraleikarar í stöðurnar. Þorleikur þarf að koma sveitinni á framfæri við fjölmiðla, reyna að fá umfjöllun í dagblöðum og sjónvarpi. Senda tilkynningar til krakkanna um tímasetningar o.fl. Rætt um efni fyrir sveitina. Búið að senda Seim viðbótarefnið sem æft var fyrri helgina og hann kemur hugsanlega sjálfur með viðbótarefni. Farið yfir þau hljóðfæri sem þarf að útvega: pákur, marimba, glockenspiel, bassatromma, trommusett, þríhorn, maracas, kúabjöllur, tambúrína og symbalar. Einnig þarf að útvega nótnastóla. Birgir sér um að útvega mat í hádeginu á laugardeginum. Farið yfir dagskrána fyrir Seim, hver sæki hann á flugvöll o.d.frv. Össur mun setja upp dagskrá og senda stjórnarfélögum.
- 2. Tónverk Jóns Hlöðvers.** Til að hægt verði að senda út nýtt tónverk Jóns Hlöðvers þarf að laga fráganginn á nótnavinnunni. Það er of mikið verk til þess að hægt verði að senda það út fyrir vorið. Bíður haustsins.
- 3. Hljómsveitakeppni á landsmóti.** Samþykkt að ýta við landsmótshöldurum um að halda hljómsveitakeppni. Hægt væri að nota tónverkið Castle of Bray sem keppnisstykki, en það er gamalt keppnisstykki frá Gautaborgarhátíðinni. Það er til hér á landi og hægt væri að ljósrita það til notkunar á meðan beðið er eftir löglegum nótum að utan.
- 4. Samstarf við Færeysjar.** Birgir hefur verið í sambandi við fulltrúa Færeyinga hjá NoMU. Athugað verður með samstarf við Færeyinga í sambandi við útsetningar, nemendaskipti, LÆ og fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

Þriðjudaginn 29. apríl 2003, kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Landsmótið.** Lítið upplýsingastreymi hefur verið frá mótshöldurum undanfarið. Farið var yfir drög að dagskrá sem mótshaldarar sendu frá sér og tillögur að sameiginlegum lögum. Gerðar tillögur að breytingum sem Össur mun kynna mótshöldurum, bæði hvað varðar dagskrána sjálfa og sameiginlegu lögin. Stjórnin vill ekki skipta sér um of af skipulagningu landsmóta, það er í höndum mótshaldara hverju sinni, en þó býður stjórnin fram þekkingu sína og reynslu af landsmótum auk þess sem búið er að benda mótshöldurum á að vinna að undirbúningi mótsins í samráði við þá sem héldu síðasta landsmót í Reykjanesbæ, enda var það eitt best heppnaða landsmót SÍSL frá upphafi. Samkvæmt upplýsingum mótshaldara verður mótsgjaldið 600 krónur. Ekki kemur fram hvað er innifalið í mótsgjaldinu.
- 2. Tónverk Jóns Hlöðvers.** Norðanmenn hafa boltann hvað varðar flutning á nýju tónverki Jóns Hlöðvers Áskelssonar. Líklegast að þeir flytji lagið sjálfir á landsmótinu.
- 3. LÆ.** Rætt um æfingar LÆ á landsmóti og skipulag vegna ferða Kjell seim til landsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

Þriðjudaginn 27. maí 2003 kl. 09:00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Landsmót.** Farið yfir efni fyrir aðalfund SÍSL sem verður á landsmótinu í júní. Skýrsla stjórnar rædd. Reikningar eru að mestu tilbúnir fyrir endurskoðendur, þá Atla Guðlaugsson og Skarphéðin Einarsson. Mótshaldarar á Akureyri eru farnir að kalla eftir upplýsingum og mátti ekki seinna vera því skammur tími er eftir fram að landsmóti.
2. **Lög SÍSL.** Fjallað um hugsanlegar lagabreytingar, bæði á 5. og 6. grein. Ákveðið að láta 6. grein, (Stjórnanda eða fulltrúa hveirrar sveitar ber að afhenda stjórn samtakanna, starfsskýrslu á hverjum aðalfundi, til varðveislu.) standa óbreytta, en hvetja fólk til að sinna henni. Í 5. gr. þarf að standa skoðunarmenn reikninga í stað endurskoðendur þar sem það er víst lögverndað starfsheiti.
3. **LÆ.** Rætt um upplýsingastreymi til þátttakenda. Þorleikur þarf að senda upplýsingar um mótið á Akureyri til allra þátttakenda og svo þarf að fá einhvern á landsmótinu til að sinna LÆ og Kjell Seim, þar sem Þorleikur verður ekki á mótinu. Nótnastólar og slagverk fyrir LÆ þarf að vera til staðar. Mótshaldarar sjá um slagverkið en Birgir ætlar að sjá um nóntastólana. Kjell Seim mun taka flugrútuna til Reykjavíkur þar sem Össur mun taka á móti honum. Þeir fara síðan saman í flugi norður. Gisting og flug fyrir Seim frágegnið. og greitt.
4. **Sytra.** Mótshaldarar eru að æfa verkið og munu flytja það á mótinu.
5. **Dagur lúðrasveitanna.** Dagskrá dagsins er komin á hreint. Tónleikar á Ingólfstorgi verða á tímabilinu 13 – 18. Þær sveitir sem vilja geta tekið stuttar göngur inn á Ingólfstorg og út af því aftur eftir tónleika. Mögulegt að ganga t.d. frá Hafnarbakkanum. Skólalúðrasveit Laugarnesskóla verður með tónleika í Ráðhúsinu og hljómsveitin frá seltjarnarnesi verður viðloðandi hátíð á Austurvelli þennan dag. Skólahljómsveit Vesturbæjar verður með skrúðgöngur í frá vesturbæ og niður að höfn. Búið er að ganga frá aðstöðu í ráðhúsinu til að pakka upp og geyma yfirhafnir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Össur Geirsson
ritari

Aðalfundur SÍSL 2003

Haldinn á Akureyri, laugardaginn 14. júní 2003, kl. 20.00

Mættir á fund voru:

Jón Hjaltason	Skólahljómsveit Grafarvogs
Lilja Valdimarsdóttir	Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Jóhann Morávek	Lúðrasveit Tónlistarskóla A-Skaft.
Jóhann Stefánsson	Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga
Ian Wilkinson	Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga
Eyþór Kolbeins	Lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Hjálmar Sigurbjörnsson	Blásarasveit Tónlistarskóla Akureyrar
Dagbjört Ingólfssdóttir	Blásarasveit Tónlistarskóla Akureyrar
Karen Sturlaugsson	Lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Kári H. Einarsson	Skólahljómsveit Seltjarnarness
Vilborg Jónsdóttir	Blásarasveit Tónmenntaskólans og Sigursveins
Lárus H. Grímsson	Skólahljómsveit Vesturbæjar
Knútur Birgisson	Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Hjálmar Guðnason	Skólahljómsveit Vestmannaeyja
Eggert Björgvinsson	Skólahljómsveit Vestmannaeyja
Edward Frederiksen	Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar
Skarphéðinn H. Einarsson	Tónlistarskóla A-Hún.
Össur Geirsson	Skólahljómsveit Kópavogs
Birgir D. Sveinsson	Skólahljómsveit Mocfellbæjar

Fundarstjóri var samkæmt hefð Skarphéðinn H. Einarsson.

- Skýrsla stjórnar.** Birgir D. Sveinsson setti fund og dreifði til fundargesta ljósriti af skýrslu stjórnar og endurskoðuðum reikningum samtakanna. Hann gerði síðan grein fyrir skýrslu stjórnar og fjallaði lauslega um þau atriði sem þar koma fram. Nokkrar umræður spunnust í framhaldi af því. Jón Hjaltason lýsti yfir ánægju með að til standi að gefa út jólalög í léttum útsetningum fyrir byrjendur og vill gjarnan fá slíkan pakka. Hann lýsti einnig yfir áhuga Reykvíkinga á að halda næsta landsmót, árið 2005. Vísar í að hjá SÍSL var sú vinnuregla í gildi að halda annaðhvert mót á höfuðborgarsvæðinu. Jóni finnst fram hjá Reykjavík gengið ef þeir fá ekki að halda næsta mót. Birgir tók að nokkru leyti undir þetta og bendir á að döpur staða sé í lúðrasveitum á landsbyggðinni um þessar mundir. Sveitum hefur fækkað og t.d. er nær engin hljómsveit á austanverðu landinu allt frá Akureyri til Hafnar í Hornafirði. Birgir bendir þó á ákveðna tengingu við afmæli tónlistarskólans og tónlistarfélagsins á Akranesi sem ástæðu til að halda næsta mót þar. Einnig var í þessu sambandi rætt um tímasetningu mótanna og ljóst að það þarf að færa þau yfir á haustin, vormótin ganga ekki lengur. Upplagt að nota haustmót sem markmið svo hægt sé að ná góðu starti á haustin. Jón benti á að ekki sé samræmi milli grunnskóla landsins um vetrarfrí. Ekki virðist einu sinni vera hægt að samræma vetrarfrí og starfsdaga innan sama sveitarfélags.

Jóhann Morávek benti á góða þátttöku á haustmóttinu á Blönduósi 1999. Segir að passa verði upp á að haustmót lendi ekki á sömu helgi og svæðamót tónlistarskólanna, sem haldið verður í fyrsta sinn næsta vetur.

Össur tók undir þá skoðun Birgis að móttin verði að vera á hasutin. Hann vill ganga lengra og gera móttin að árlegum viðburði.

Jóhann telur að það sé of dýrt fyrir hljómsveitirnar að fara á landsmót á hverju ári. Telur að mikill kostnaður sé m.a. ástæðan fyrir því að landsbyggðahljómsveitir komi yfirhöfuð ekki á landsmót. Það er erfitt að safna fé til svona ferða með sölu á ýmsum varningi, á litlu svæði.

Vilborg Jónsdóttir mælti með því að SÍSL og SÍL reyndu að fá meira fjármagn inn í samtökin til að nota í ferðastyrki til þeirra sem lengst eiga að sækja. Sem stendur er ekkert fjárflæði inni í samtökin til að gera slíkt.

Jóhann kom inn á starf Lúðrasveitar Æskunnar og ræddi m.a. um inntökuprófinn sem hann sagði hafa haft góð áhrif á þá nemendur sem sóttu um, þeir hefðu lagt sig fram við æfingar og undirbúning. Reyndar þurftu þessir nemendur frá Höfn í Hornafirði ekki að koma í inntökupróf eftir allta saman, en vinnan og áhuginn skilaði sér.

Birgir gerði grein fyrir því að landsbyggðarnemendur njóti ákveðins forgangs þegar tekið er inn í LÆ. Benti einnig á að betra samræmi er á milli hljóðfærahópa í þrúfuspilini nú en oft áður.

Lilja Valdimarsdóttir kvaðst mjög hlynnt LÆ og því starfi sem þar er unnið.

Össur benti á þann möguleika að hafa LÆ á hverju ári, t.d. með íslenskan stjórnanda annað hvert ár.

- Endurskoðaðir reikningar.** Birgir gerði grein fyrir reikningunum í fjarveru Stefáns Ómars Jakobssonar gjaldkera. Að þessu sinni náðu reikningar yfir tímabilið frá aðalfundi 2001 og til áramóta 2002/2003. Héðan í frá verður reikningsárið miðað við áramót, en ekki skólaárið eins og hingað til hefur verið gert. Eftir stutta greinargerð Birgis voru reikningarnir samþykktir samhljóða.
- Lagabreytingar.** Engar breytingar lágu fyrir fundinum en Birgir vakti athygli á 6. grein laganna sem er svohljóðandi: *Stjórnanda eða fulltrúa hvernar sveitar ber að afhenda stjórn samtakanna, starfsskýrslu á hverjum aðalfundi, til varðveislu.* Rætt um hvort þessi grein eigi að standa óbreytt og ef ekki, að hún verði hreinlega tekin út, enda hafa skil á slíkum greinargerðum engin verið þrátt fyrir beiðnir frá stjórn SÍSL paraðlútandi. M.a. var sent eyðublað til allra hljómsveita haustið 1999 til að skila inn á landsmóttinu á Blönduósi, en einungis 4-5 hljómsveitir skiluðu því inn. Jóhann Morávek minntist þess ekki að hafa fengið slíkt blað en vill gjarnan fá það sent og láta reka á eftir sér á hverju ári með að skila því inn. Jón Hjaltason segist gera svona skýrslu á hverju ári og geta sent hana inn sé þess óskað. Vilborg benti á að mikilvægt sé fyrir samtökin að safna þessum upplýsingum inn og hafa þær tiltækar. Oft sé þess krafist í sambandi við erlent samstarf og styrkumsóknir að fá þessar upplýsingar. Össur vildi í framhaldi af þessari umræðu fá að vita hvernig menn notuðu netið og kom í ljós að flestir fundarmenn skoða tölvupóstinn sinn daglega og nota sér internetið á ýmsan annan hátt. Kári H. Einarsson taldi það aðdáunarvert helvíti að SÍSL nenni að senda út texta og fundargerðir á netpósti. Hann vildi einnig fá að vita hve miklar upplýsingar SÍSL vildi fá inn.

Össur svaraði að óskað væri eftir svipuðum upplýsingum og voru á eyðblaðinu góða sem sent var út hasutið 1999.

Þá var 6. grein laga SÍSL lesin upp og borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða að halda henni inn í óbreyttri.

4. **Stjórnarkjör.** Stjórn SÍSL gaf kost á sér til endurkjörs og var hún endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum.
5. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.** Samþykkt samhljóða að hafa sömu skoðunarmenn næstu tvö ár, en þeir eru Skarphéðinn H. Einarsson og Atli Guðlaugsson.
6. **Ákvörðun félagsgjalds næsta tímabils.** Stjórnin lagði til að gjaldið yrði óbreytt næstu tvö ár. Gjaldið er nú 7.500 krónur á ári fyrir hverja hljómsveit. Jóhann Morávek spurði hvort hægt væri að sækja í sjóði SÍSL til styrktar ferðum á landsmót. Birgir svaraði því og sagði slíkt ekki hafa verið rætt og svigrúm SÍSL til þess ekki mikið. Benti í því sambandi á Félagsheimilaskjóð sem menntamálaráðuneytið hefur umsjón með. Síðan var samþykkt að hafa félagsgjaldið óbreytt.

7. **Önnur mál.** Birgir spurðist fyrir um áhuga félagsmanna á Degi Lúðrasveitanna sem haldinn var í annað sinn þann 31. maí sl.

Karen Sturlaugsson sagðist hlynt því að halda áfram upp á daginn. Þau héldu tónleika í Reykjanesbæ að þessu sinni frekar en að koma til Reykjavíkur.

Fannst einnig að skoða þurfi dagsetninguna.

Birgir sagði að þegar dagsetningin var ákveðin væri m.a. haft í huga að allar sveitir væru með hópa í besta standi. Einnig væri miðað við að veður væri þökkalegt til útispilamennsku. Varpaði svo fram þeirri spurningu hvort einhver annar tími væri betri.

Jóhann Stefánsson lýsti sig fylgjandi þessum degi en fannst tímasetningin óheppileg þar sem tónlistarskólinn var kominn í sumarfrí þegar haldið var upp á daginn.

Lilju finnst vorin erfiður tími og þá sé einnig svo mikið um að vera hjá hljómsveitunum. Vill frekar hafa daginn í tengslum við landsmótin og auglýsti eftir meiri athygli frá fjölmiðlum.

Vilborg vill ekki tengja daginn við landsmót. Bendir á að SÍL og SÍSL eru ekki með landsmót á sama tíma. Hún vill frekar hafa fleiri viðburði en færri og gefa lúðrasveitunum tækifæri á að sýna “eitthvað gott”. Ræddi síðan um að mikill undirbúningur væri að baki svona degi og að við undirbúning síðasta dags hefði gengið illa að fá svör frá fólki á netinu. Vildi fá að heyra hvort einhver annar dagur væri betur fallin til að hafa Dag Lúðrasveitanna.

Jón ræddi um breytingar á kennsluskyldu sem væru að komast á um þessar mundir sem myndu breyta starfstíma kennara og stjórnenda. Fylgjandi því að halda áfram upp á daginn.

Jóhann Morávek sagðist einnig fylgjandi deginum en að það þyrfti að auglýsa hann betur bæði innan samtakanna og útávið. Vildi einnig að menn gerðu meira í heimabyggð.

Birgir kom inn á nokkur önnur atriði, m.a. kjaramál kennara. Ræddi síðan hugmyndir um stofnun regnhlífarsamtaka á Íslandi fyrir öll samtök áhugátónlistarfólks. Reynt hefur verið að ná samvinnu við kórasambönd og harmonikkufélagið. Reynt verður að ná samstarfi við fleiri hópa og benda yfirvöldum á þann fjölda sem stundar tónlist sér til lífsfyllingar. Á Norðurlöndunum fá svona hópar býsna góð fjárframlög frá ríkinu.

Vilborg sagði frá starfi sínu við að ná sambandi við kór og harmonikkuleikara til að hittast og ræða regnhlífarsamtök. Lýst síðan eftir betri degi til að halda Dag Lúðasveitanna.

Össur segir engan “ideal” dag vera til fyrir Dag Lúðarsveitanna en taldi alls ekkert verra að hafa mikið að gera dagana fyrir og eftir.

Eggert Björgvinsson benti á að sambærilegur dagur væri haldinn hátíðlegur í Vestmannaeyjum í febrúar.

Jóhann Morávek benti á að ef fleiri hópar áhugatonlistarfólks kæmi að deginum þyrfti að huga að þeirra þörfum líka.

Jóhann Stefánsson lagði áherslu á að dagurinn yrði á starfstíma tónlistarskólanna.

Ian Wilkinson kom fram með þá hugmynd að hafa landsmótið í dymbilvikunni en flestir fundarmenn lýstu sig fráhverfa þeirri hugmynd.

Hjálmar Guðnason fannst óheppilegt að hafa landsmótið að hausti, því starfið væri varla komið í gang og taldi að gæði mótanna yrðu minni.

Kári taldi hins vegar að haustmót væru gott tæki til að koma hljómsveitinni í gang og gott markmið að stefna að strax í byrjun.

Að lokum þakkaði Birgir fyrir hönd stjórnar starfið síðustu tvö ár og mótshöldurum á Akureyri fyrir landsmótið.

Fundi var slitið kl.22.00

Funargerðina ritaði Össur Geirsson

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn að Lágholti 1

mánudaginn 30. júní 2003 kl. 09:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Næsti vetur.** Fyrsti fundur næsta vetrar verði í Mosfellsbæ miðvikudaginn 20. ágúst. Þá verði tekin ákvörðun um fundartíma vetrarins.
2. **Landsmót á Akureyri.** Þakka ber það sem vel var gert en ljóst að undirbúningi var nokkuð áfátt og upplýsingastreymi var of lítið. Þetta eru hlutir sem þarf að skoða fyrir næsta mót.

Jákvæðar hliðar mótsins:

Maturinn var góður og aðstaða í mötuneyti var góð.

Mótssvæðið hentaði vel og aðstaðan almennt.

Dansleikurinn var góður og danshljómsveitin virkaði vel.

Neikvæðar hliðar mótsins:

Gisting: Of margir voru settir saman í stofu í gistingu, sumir sváfu á göngunum.

Skipulagi matmálstíma (skipting í A-B-C-D sveitir) var ekki fylgt eftir.

Óskipulagður tími á föstudagskvöldi var mjög óheppilegur.

Sameiginlegir tónleikar A/B sveita voru of langir, allir áhorfendur farnir í lok tónleikanna. Heppilegra að skipta þessum tónleikum í tvennt með 8 sveitir á hvorum tónleikum.

Sundið. Ekki var gert ráð fyrir því að borga þyrfti í sundlaugina. Það hefði átt að vera innifalið í mótsgjaldi eða í boði Akureyjarbæjar.

Síðdegiskaffi á laugardegi hefði átt að vera innifalið í mótsgjaldi eða að öðrum kosti látið koma skýrt fram í bréfum til stjórnenda að svo yrði ekki.

Stjórnun og skipulag á stóru samæfingunni vantaði.

Skipulag hljóðkerfis var ekki í lagi á æfingu, á tónleikum LÆ og á torginu.

Skipulag lokaathafnar var í lausu lofti.

Sjoppuna á ballinu hefði þurft að auglýsa.

Tengingu við bæjaryfirvöld á Akureyri vantaði.

Röð hljómsveita á tónleikum hefði þurft að skipuleggja betur, óheppilegt að vera að hringla með röðina rétt fyrir tónleika.

Árekstrar milli dagskráratriða á laugardeginum.

Auk þess má geta þess að afla hefði mátt auglýsinga í mótsskrána, sem hefðu gefið mótshöldurum góðan pening í aðra hönd. Mótsskráin stendur eftir sem heimild um landsmótin.

3. **Lúðrasveit Æskunnar.** Rætt um starf Kjell Seim með LÆ. Ljóst að hann lagði mikla vinnu í samhljóm og að hljómsveitin leiki samtaka. Hann hefði þurft lengri tíma til að vinna með hópnum og náði vel til krakkanna sem voru mjög ánægð með hans vinnu. Starf hans skilaði sér vel til krakkanna. Birgir tekur að sér að skoða með stjórnendur fyrir næsta námskeið sem stefnt er að í október eða nóvember á þessu ári
4. **Sytra.** Ræða þarf betur við mótshaldara á Akureyri um að taka þátt í kostnaði vegna tónverskins Sytra eftir Jón Hlöðver Áskelsson. Einnig þarf að fá verkið betur upp sett svo hægt verði að gefa það út.
5. **Rekstrarstyrkur frá menntamálaráðuneyti.** Skoða þarf reikninga og sjá hvernig styrknum hefur verið varið. Kostnaður vegna LÆ og tónverksins “Sytra” eru stærstu einstöku útgjaldaliðirnir.
6. **Kanadamaður í heimsókn.** Maður að nafni Denis Beck, formaður kanadískra hljómsveitasamtaka þar í landi hefur leitað eftir fundi með íslenskum hljómsveitarstjórum. Tónastöðin mun útvega húsnæði og veitingar fimmtudagskvöldið 10. júlí. Tölvupóstur var sendur á allar íslenskar skólalúðrasveitir um þetta efni og fólki boðið að koma á fundinn.
7. **Nótnaútgáfa.** Rætt um að gefa út u.þ.b. 10 “íslensk” jólalög í léttum útsetningum með haustinu. Hugsanlegt væri að hafa nokkur áramótalög með í pakkanum. Össur mun vinna að því að koma þessum útsetningum í útgáfu í sumar.
8. **Næsta landsmót.** Rætt um hvar næsta landsmót ætti að vera. Einnig skoðað hvort mögulegt sé að hafa mot á hverju ári. Akranes hefur sótt um að halda mót árið 2005, en þá er 50 ára afmæli tónlistarskólans og tónlistarfélagins í bænum. Reykjavík hefur líka óskað eftir að fá að halda næsta mót. Stjórninni líst best á að Reykjavík haldi mót haustið 2004 og Akranes haldi mót árið 2005, einnig að hausti. Birgir mun hafa samband við fulltrúa beggja staðanna og ræða þessa hugmynd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn að Lágaholti 1

miðvikudaginn 20. ágúst 2003, kl. 10,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- Fundargerðir.** Farið var yfir fundargerðir síðustu funda. Frá aðalfundi bar fyrst á góma umræðuna um næsta landsmót, spurningin um hvort mótið eigi að vera að hausti eða vori og um ferðastyrki til þeirra sveita sem lengst þurfa að ferðast. Jón Hjaltason hefur boltann fyrir hönd Reykvíkinga hvað varðar mót haustið 2004. Einnig er stefnt að móti á Akranesi haustið 2005. Mögulegt er að eyrnamerkja 2-300 krónur af hverju landsmótsgjaldi í sjóð til að standa straum af styrkjum til þeirra sveita sem lengst eiga að sækja. Þá var rætt um þær upplýsingar sem stjórn SÍSL óskar eftir að fá frá sveitunum. Össur er að leggja lokahönd á skjal sem notað verður til að inna eftir þeim upplýsingum. Rætt um Dag Lúðrasveitanna og ákveðið að stefna að sömu tímasetningu að ári. Komið var inn á dagskrá landsmótsins. Hugmyndir um að mótshaldarar leggi í framtíðinni fram dagskrá fyrir stjórn SÍSL til samþykktar með góðum fyrirvara. Rætt um mótsskrána sem hefði mátt gera meira úr, bæði hvað varðar efni og uppsetningu. Fjölluðum einnig um heimsókn Kandamannsins Denis Beck og mikilvægi góðra tengsla og samskipta við kollega í útlöndum. Hugmyndir um
- Fundartímar.** Ákveðið að festa fundartíma vetrarins á næsta fundi sem verður 3. sept. í Kópavogi
- “SYTRA”.** Ekki búið að ganga endanlega frá fjármögnun verksins og eftir er að skila handriti til útgáfu.
- LÆ.** Bernhard Wilkinson og Kjartan Óskarsson gáfu ekki kost á sér til að stjórna LÆ í vetur vegna annríkis, en báðir voru mjög jákvæðir gagnvart þessu starfi. Búið er að ræða við Tryggva M. Baldvinsson tónskáld og hljómsveitarstjóra um að taka verkefnið að sér í haust. Búið er að festa helgarnar 17. – 19. október og 31. október – 2. nóvember fyrir æfingahelgar LÆ. Tónleikar yrðu þann 2. nóvember í lok seinni æfingahelganna. Stefán Ómar athugar með að fá aðstöðuna í Hafnarfirði til æfinga. Þeir sem voru í hljómsveitinni í vor þurfa ekki að prufuspila og eiga sæti sín vís. Þeir þurfa hins vegar að sækja um aftur, ætli þeir sér að vera með. Ákveðið að setja umsóknarfrest til 17. sept. og hafa prufuspilið 10 dögum síðar, eða þann 27. september.
- Reikningar.** Gangi þarf frá uppgjöri fyrir flugmiða Kjell Seim milli Reykjavíkur og Akureyrar. Farið var yfir ýmsa reikninga vegna flugkostnaðar og fleira vegna landsmóts og NoMU fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,40,

Össur Geirsson

ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
miðvikudaginn 3. september kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Fundargerðir.** Farið var yfir fundargerðir síðustu funda.
2. **Rekstrarstyrkur.** Sækja þarf til Menntamálaráðuneytis um rekstrarstyrk fyrir næsta ár. Ákveðið að ganga frá því máli á næsta fundi.
3. **Nótnaútgáfa.** Össur er að ganga frá jólaúsetningunum til prentunar. Fara þarf með sýnishorn í prentsmiðju til að fá verðáætlun. Raddskráin verður gormuð í bók fyrir öll lögin 10, en raddirnar verða á stökum blöðum í A4. Prentuð verða 40 sett sem þurfa að berast til hljómsveitanna ekki seinna en í byrjun nóvember. Reynt verður að ljúka frágangi fyrir 20. september.
4. **LÆ.** Æfingaaðstaðan í Hafnarfirði er til athugunar. Ekki var laust í Ráðhúsinu fyrir tónleika 2. nóvember og var rætt um aðra kosti á fundinum. Byrjað verður á að athuga með Víðistaðakirkju eða Hafnarborgir í Hafnarfirði. Þorleikur hefur ekki getað gefið svar um hvort hann sinnir framkvæmdastjórstöðunni áfram. Þó verður reynt að fá hann til að sjá um umsóknir og skráningu á námskeiðið. Umsóknareyðublöð verði sett á heimasíðuna og einnig send með tölvupósti til stjórnenda. Ákveðið að boða Tryggva M. Baldvinsson á næsta fund til skrafs og ráðagerða. Einnig þarf að ganga frá fjármálum við hann.
5. **Upplýsingablað.** Farið var yfir eyðublað sem Össur hefur gert til að safna upplýsingum um skólahljómsveitir á landinu. Ýmsar athugasemdir gerðar og ræddar og ákveðið að senda það síðan út hið fyrsta.
6. **Landsmót.** Búið að tala við Jón Hjaltason og Atla Guðlaugsson um landsmót í Reykjavík haustið 2004. Líklegast er að einhver ein hljómsveit úr Reykjavík taki að sér að halda mótið. Svo virðist sem þeir hafi nokkurt bakland hjá borgaryfirvöldum fyrir mótinu. Einnig vita stjórnarmenn af því að Akurnesingar eru þegar farnir að huga að sínum undirbúningi fyrir landmót haustið 2005

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,40,

Össur Geirsson

ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
miðvikudaginn 10. september kl. 9,30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Tryggvi M. Baldvinsson.

- Lúðrasveit Æskunnar.** Birgir fór í grófum dráttum yfir sögu LÆ fyrir Tryggva, sem mun verða stjórnandi LÆ á næsta námskeiði. Rætt um umfang og framkvæmd námskeiðanna, samsetningu hópsins, aldursskiptingu og úr hvaða hljómsveitum krakkarnir hafa verið að koma. Framkvæmdin þetta árið verður sú að haldnar verða tvær æfingahelgar með tónleikum í lok þeirrar seinni. Prufuspil verður haldið 27. september fyrir þá umsækendur sem ekki voru með á námskeiðinu síðasta vor. Þeir sem voru með í vor þurfa að sækja um aftur ef þau vilja vera áfram, en fara ekki í prufuspil. Fyrri æfingahelgin verður í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, en ekki er ljóst hvar seinni æfingahelgin verður. Athugað verður með að fá æfingahúsnaði Lúðrasveitarinnar Svans fyrir hana. Skipulag æfingahelganna er í gróft séð þessi:

Föstudagur	samæfing	17:00 – 21:00
Laugardagur	æfingar	10:00 – 18:00 (Raddæfingar o.fl.)
Sunnudagur	samæfing	10:00 – 14:00

Efnisval: Ýmsar hugmyndir ræddar, m.a. Cold Shower eftir Tryggva, Tjarnarmars og annað efni eftir Pál Pampichler, Londonderry Air í úts. Grainger, Symphonic Songs for Band e. Bennet og Slava e. Bernstein. Einnig var tekinn dágóður tími til að skoða nótnasafn LÆ og velta upp ýmsum hugmyndum öðrum um efnisval. Tryggvi var með geisladiska með ýmsu efni sem til greina kemur að nota. Að lokum var rætt lauslega um fjármál og kostnaðaráætlun. Miðaða er við að þátttökugjöld standi að mestu leyti undir kostnaði við námskeiðið. Ákveðið að hittast aftur að viku liðinni í Hafnarfirði og skoða nýtt húsnaði lúðrasveita bæjarins í Lækjarskóla.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 11:00

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn í nýju húsnæði Lúðrasveitar Hafnarfjarðar
miðvikudaginn 17. september kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

1. **Úttekt á húsnæði.** Byrjað var á því að fundarmenn skoðuðu nýtt húsnæði sem LH og LTH hafa til umráða í íþróttahúsinu við gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði. Þarna hafa sveitirnar fína aðstöðu fyrir æfingar og geymslur fyrir hljóðfæri og nótur. Okkur leist vel á og óskum lúðrasveitunum í Hafnarfirði til hamingju með plássið.
2. **Afmæli SÍSL.** Undirbúningsfundur að stofnun samtakanna var haldinn fyrir sléttum 20 árum síðan, þann 17. september árið 1983 í Varmárskóla. Samtökin voru formlega stofnuð á fundi þann 15. október sama ár og við eigum því 20 ára afmæli um þessar mundir.
3. **Lúðrasveit Æskunnar.** Umsóknir eru enn að berast og eru ekki mjög margar. Þó dreifast þær nokkuð jafnt á hljóðfærin þannig að útlitið er fínt fyrir komandi námskeið. Ákveðið að hringja í nokkrar hljómsveitir sem engar umsóknir hafa borist frá og athuga hvað veldur. Stjórnarmenn skiptu sveitunum á milli sín og munu hringja við fyrsta tækifæri. Össur og Stefán Ómar munu sjá um prufuspilið þann 27. sept. þar sem Birgir verður erlendis. Ákveðið að fá utanaðkomandi prófdómara til að dæma prófin, í það minnsta tréblásturshljóðfærin.
4. **Nótnaútgáfan.** Jóralögin eru tilbúin til prentunar og var Össur með prufueintak til sýnis á fundinum. Birgir og Össur fara á fund í prentsmiðjunni þann 22. sept. til að fá nákvæmt verðtilboð og athuga með frágang pakkans. Ákveðið að selja pakkann á 10.000 krónur og þar sem lögin eru tíu er verðið 1.000 krónur að meðaltali á lag.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 10:00

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
föstudaginn 3. október kl. 10,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

- Lúðrasveit Æskunnar.** Farið yfir umsóknir og prufuspil vegna LÆ. Nokkuð barst af umsóknum eftir að umsóknarfrestur rann út og að afloknu prufuspili er sveitin nokkuð vel skipuð. Allir sem mættu í inntökuprófið voru dæmdir hæfir, en þrjár hljóðfæraleikarar voru nokkuð á mörkunum með að komast inn. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að taka þessa þrjá inn í sveitina, þar sem þau gætu verið á neðri röddunum á sitt hljóðfæri. Einn mætti ekki í próf og fimm umsækjendur frá Hornafirði verða dæmdir í heimabyggð eftir helgina. Þrjár umsóknir bárust eftir að prufuspil fór fram og verður þeim umsóknum vísað frá í bili, nema ef í ljós kemur að það vanti hljóðfæraleikara á viðkomandi hljóðfæri. Össur mun senda staðfestingu til þeirra sem komust inn með tölvupósti og var einnig rætt um að láta allar upplýsingar til krakkanna í LÆ fara um tölvupóst. Það er því mikilvægt að allir gefi upp virkt netfang svo upplýsingar komist til skila.
- Nótnaútgáfan.** Próförk frá prentsmiðjunni að jólalögnum var lögð fram á fundinum. Ákveðið að prenta raddirnar beggja megin á blaðsíður til að spara prentkostnað. Þar sem raddirnar eru hvort sem er hugsaðar til ljósritunar ætti það ekki að koma að sök. Raddskráin verður í gormabók. Verðtilboð hljóðar upp á réttar 100.000 krónur, miðað við að pökkunum sé skilað flokkuðum og í umslögum. Birgir fer strax að loknum fundi í prentsmiðjuna til að útskýra okkar hugmyndir og setja prentun af stað.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 11:40

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn að Lágholti 1
Þriðjudaginn 14. október kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

1. **Umsókn til ráðuneytis.** Stefán Ómar mun draga saman fjárhagsupplýsingar sem fylgja eiga umsókn til menntamálaráðuneytis um rekstrarstyrk fyrir árið 2004. Bæði þarf að senda ársreikning síðasta árs og áætlun fyrir næsta ár. Einng verður í umsókn fjallað ítarlega um fyrirhuguð stórvirki ársins.
2. **Jóralög.** Jóralögin tilbúin til útsendingar. Stjórnin hittist á morgun til að ganga frá efninu til póstsendingar. Pakkinn ætti að vera kominn til SÍSL félaga vel fyrir næstu mánaðarmót.
3. **SYTRA.** Jón Hlöðver er að vinna í því að ganga frá verkinu til útgáfu. Þar sem önnur verkefni liggja á stjórn SÍSL núna er ekki sett tímapressa á þetta verk.
4. **NoMU.** Næsti NoMU fundur verður á Íslandi í maí. SÍSL og SÍL munu sjá sameiginlega um framkvæmd. fundarins.
5. **LÆ.** Sveitin er vel skipuð þetta árið, rúmlega 50 manns hafa skráð sig og raðast nokkuð vel á hljóðfærin. Þó væri gott að fá einn túbuleikara í viðbót og einn til tvo í slagverk (mallet). Ekki búið að festa tónleikahús en Seltjarnarneskirkja er líklegur og vænlegur kostur. Farið yfir efnisskrá LÆ. Stefán Ómar sér um að fjölfalda raddir fyrir helgina. Boðið verður upp á mat í hádeginu á laugardegi, báðar æfingahelgarnar.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 10:15

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
Þriðjudaginn 18. nóvember kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson

1. **LÆ.** Stjórn SÍSL er sammála um að Tryggvi M. Baldvinsson hafi staðið sig mjög vel sem stjórnandi LÆ. Ljóst að hann vinnur öðruvísi en Norðmennirnir sem hafa stjórnað LÆ undanfarin ár, en hann nær vel til krakkanna og fékk mikið út úr hljómsveitinni. Stjórnin hefur vilja til að fá Tryggva til að semja tónverk fyrir LÆ í náninni framtíð. Til að svo megi verða þarf að fá utanaðkomandi fjárstuðning, t.d. frá menningarsjóðum. Fjallað var almennt um framkvæmd námskeiðsins. Flest allt gekk eins og í sögu, en vilji stjórnar er að ná fram meiri breidd í sveitina með þátttakendum frá fleiri hljómsveitum. Einnig þarf að koma sveitinni meira á framfæri og afla fjár til verksins, svo lækka megi eða fella alveg niður námskeiðsgjaldið.
2. **Umsókn til ráðuneytis.** Farið var yfir umsóknina frá síðasta ári og drög lögð að næsta bréfi. Ákveðið að klára bréfið með e-mail samskiptum og halda næsta stjórnarfund í janúar.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 10:10

Össur Geirsson
ritari.